

Nd.

72. Frumvarp til raforkulaga.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

I. KAFLI

Um vinnslu raforku.

1. gr.

Ríkinu einu er heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl. Réttur sá, sem ríkinu er áskilinn samkv. 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til. Þó er þeim, sem við gildistöku þessara laga eiga og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram. Enn fremur er ráðherra heimilt að fengnum tillögum raforkumálastjóra að veita sveitarfélagi, einstökum manni eða félagi leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 500 hestöflum að stærð til að fullnægja rafafllspörf sinni, ef rafveitur ríkisins eða héraðsveita geta eigi eða óska eigi að láta rafafllið í té.

2. gr.

Nú hefur ráðherra veitt einkarétt til að koma upp og reka héraðsveitu á tilteknu orkuveitusvæði, sbr. 14. gr., og er þá engum öðrum en einkaréttarhafa heimilt að reisa og reka raforkuver, sem er 100 hestöfl eða minna að stærð, innan takmarka orkuveitusvæðisins, nema leyfi ráðherra komi til. Ráðherra leitar álits raforkumálastjóra og stjórnar hlutaðeigandi héraðsveitu, áður en hann veitir leyfið. Um orkuver, sem fyrir eru á orkuveitusvæðinu, fer eftir ákvæðum 18. gr. um orkuveitur, eins og við á.

II. KAFLI

Um rafveitur ríkisins.

3. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn og starfrækir rafveitur, er vera skulu eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir umsjón þess ráðherra, er fer með raforkumál. Stofnunin skal heita: rafveitur ríkisins.

4. gr.

Raforkumálastjóri hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með rafveitum ríkisins, rekstri þeirra og framkvæmdum.

5. gr.

Ráðherra ræður að fengnum tillögum raforkumálastjóra framkvæmdastjóra til að annast um daglega stjórn rafveitna ríkisins og hafa umsjón með rekstri þeirra. Nefnist hann rafveitustjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Rafveitustjóri hefur prókúruumboð fyrir rafveitur ríkisins og skuldbindur þær samkvæmt reglum um prókúru að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið.

Um ráðningu og kjör annarra fastra starfsmanna fer eftir ákvæðum reglugerðar.

6. gr.

Rafveitur ríkisins skulu hafa það verkefni að afla almenningi og atvinnuvegum landsins nægrar raforku á sem hagfelldastan og ódýrastan hátt með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá öðrum orkuverum eða orkuveitum, veita orkunni um landið og selja hana í heilidsölu héraðsrafveitum, er stofnsettar eru til að taka við orkunni og veita henni til neytenda innan héraðs eða á orkuveitusvæði.

Rafveitur ríkisins geta einnig gerzt meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annarra eða tekið þær á leigu og starfrækt þær eða tekið þátt í starfrækslu þeirra eftir sérstökum samningi.

Rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem héraðsveita er ekki fyrir hendi, eða annars staðar með samþykki héraðsveitunnar.

7. gr.

Engum nema rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku í heilidsölu. Þó mega Reykjavíkurborg, Akureyrarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður og Ísafjarðarkaupstaður selja héraðsrafveitum sínum og rafveitum ríkisins raforku í heilidsölu frá orkuverum þeim, sem kaupstaðir þessir nú eiga.

Réttur sá, sem rafveitum ríkisins er áskilinn samkvæmt 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til.

8. gr.

Áður en hafizt er handa um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu, skal raforkumálastjóri hafa látið fara fram rannsókn á því, á hvern hátt verði heppilegast fullnægt raforkuþörf þess héraðs eða landshluta, sem hinni fyrirhuguðu orkuveitu er ætlað að ná til, sbr. og 46. gr. Að lokinni þeirri rannsókn sendir raforkumálastjóri ráðherra tillögur sínar um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir. Tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar lætur raforkumálastjóri fylgja nauðsynlegar kostnaðaráætlanir, greinargerð um skilyrði fyrir orkuvinnslu eða orkukaupum og orkusölu og nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af virkjunum.

Kostnað allan við þessar rannsóknir svo og við annan undirbúning skal greiða úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í því skyni og að svo miklu leyti sem ekki er séð fyrir fé til þeirra á annan hátt, sbr. einnig 35. gr. Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningarkostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra.

9. gr.

Nú telur ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða auka við hln fyrri orkuver eða orkuveitur eða festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstjórnin fylgja nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af þessum virkjum.

Þó getur raforkumálastjóri látið gera minni háttar aukningu á orkuveri og orkuveitum, er hann telur þess brýna þörf, áður en samþykki Alþingis er fengið, og tekið til þess bráðabirgðalán, sbr. 34. gr., 2. málsgrein, að fengnu samþykki ráðherra.

10. gr.

Nú er ákveðið að reisa raforkuver eða koma upp raforkuveitu, og annast þá rafveitur ríkisins um þær framkvæmdir allar.

11. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum raforkumálastjóra og rafveitustjóra gjaldskrá um raforkusölu frá rafveitum ríkisins.

Tekjum rafveitna ríkisins skal varið til greiðslu rekstrarkostnaðar hinna einstöku raforkuvirkja, þar með talið stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og hæfilegar afborganir lána miðað við fyrningu. Enn fremur skal árlega leggja hæfilega upphæð í varasjóð, allt að 10% af heildartekjum.

Tekjuafgangur sá, sem eftir verður, þegar fé hefur verið lagt í varasjóð, skal renna í raforkusjóð.

12. gr.

Raforkumálastjóri skal árlega senda ráðherra efnahags- og rekstrarreikning rafveitna ríkisins svo og kostnaðarreikning fyrir þau virki, sem eru í smíðum, enn íremur skýrslu um starfsemina. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántökur og önnur fjárframlög svo og tillögur um ráðstöfun á fé úr raforkusjóði, sbr. 37. gr., 3. málsg.

13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga um rafveitur ríkisins, þar á meðal um:

1. stjórn og fjárreiður, reikningshald og fyrningu, um meðferð varasjóðs, svo og um skýrslugerðir;
2. starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna;
3. skilyrði, sem rafveitur ríkisins mega setja héraðsrafveitum, er kaupa raforku frá þeim, um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja til tryggingar öruggum rekstri, svo og til að tryggja rafveitum ríkisins greiðslu fyrir orku þá, er þær selja, og til að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar.

III. KAFLI

Um héraðsrafveitur.

14. gr.

Héraðsrafveita veitir raforku um tiltekið orkuveitusvæði og selur hana neytendum innan takmarka þess.

Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, ákveður orkuveitusvæði hvers héraðsrafveitu.

Ráðherra getur veitt einkarétt til að reka héraðsrafveitu á tilteknu orkuveitusvæði, veita raforku um orkuveitusvæðið og selja hana neytendum innan takmarka þess. Veitingu einkaréttar getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrétti notenda og hagkvæma og fullnægjandi dreifingu raforku um orkuveitusvæðið.

15. gr.

Nú tekur orkuveitusvæði, sem ráðherra hefur ákveðið, aðeins yfir einn kaupstað eða einn hrepp eða hluta úr hreppi eða íbúatala kaupstaðarins eða hreppsins er $\frac{3}{4}$ af íbúatölu alls orkuveitusvæðisins a. m. k., og hefur þá bæjarstjórn eða sveitar-

stjórn forgangsrétt til að reka héraðsveitu á því orkuveitusvæði og að hljóta til þess einkarétt samkv. 14. gr.

16. gr.

Alls staðar annars staðar en um getur í 15. gr. og þar sem bæjar- eða sveitarstjórn neyta eigi réttar síns samkv. þeirri grein, hafa héraðsrafveitur ríkisins forgangsrétt til að reka héraðsrafveitu og hljóta til þess einkarétt samkv. 14. gr.

17. gr.

Nú óskar einstakur maður eða félag að reka héraðsrafveitu á tilteknu orkuveitusvæði og hljóta til þess einkarétt samkv. 14. gr., og skal þá ráðherra tilkynna það hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn og héraðsrafveitum ríkisins, eins og við á, og veita þeim hæfilegan frest til að ákveða, hvort þær vilja nota rétt sinn samkv. 15. og 16. gr. Hafi þær eigi innan þess frests, sem þeim var settur, tilkynnt ráðherra, að þær ætli að nota rétt sinn samkv. 15. og 16. gr., getur ráðherra veitt umsækjanda einkaréttinn, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum laga og reglugerða þar að lútandi. Einkarétturinn veitist um tiltekið árabíl.

18. gr.

Áður en einkaréttur er veittur, auglýsir ráðherra þrisvar sinnum í Lögbirtinga- blaðinu ákvörðun um veitingu einkaréttarins og um takmörk orkuveitusvæðisins. Nú eiga einstakir menn, félög eða héruð raforkuveitur á því takmarki, sem auglýsing samkv. 1. málsgrein nær til, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis, um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rétt en þeir höfðu áður og er því ekki til fyrirstöðu, að einkaréttarhafi stofnsetji og starfræki orkuveitu innan takmarka fyrirtækisins.

19. gr.

Héraðsrafveitu, sem hlotið hefur einkarétt samkv. 14. gr., er skylt að selja raforku öllum, sem þess óska, innan takmarka orkuveitusvæðis hennar með þeim skilyrðum, sem nánar eru ákveðin í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

20. gr.

Um héraðsrafveitu, sem hlýtur einkarétt skv. 14. gr., aðra en héraðsrafveitu ríkisins, skal setja reglugerð, sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir, og skal þar m. a. setja ákvæði um stjórn og rekstur rafveitunnar, orkuveitusvæði hennar, skilmála fyrir raforkusölunni, löggildingu rafvirkja og sektir, allt að 10000 krónum, fyrir brot á reglugerðinni.

21. gr.

Gjald fyrir raforku úr héraðsrafveitu, sem fellur undir ákvæði 20. gr., skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn rafveitunnar semur og ráðherra staðfestir. Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimtaugagjald, sem greiðist, þegar heimtaug er lögð. Gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

IV. KAFLI

Um héraðsrafveitur ríkisins.

22. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn og rekur héraðsrafveitur, þar sem ekki eru aðrar héraðsrafveitur fyrir hendi, með þeim skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

Rafveiturnar skulu vera eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrir-

tæki með sérstöku reikningshaldi undir yfirumsjón þess ráðherra, sem fer með raforkumál.

Stofnunin heitir: héraðsrafveitur ríkisins.

23. gr.

Rafveitur ríkisins annast rekstur héraðsrafveitna ríkisins, og hafa raforkumálastjóri og rafveitustjóri ríkisins á hendi umsjón og stjórn þeirra á sama hátt og gildir um rafveitur ríkisins.

Héraðsrafveitur ríkisins endurgreiða rafveitum ríkisins allan kostnað, sem þær hafa af stjórn og rekstri héraðsrafveitnanna, eftir reikningi, sem ráðherra samþykkir.

24. gr.

Héraðsrafveitur ríkisins vinna orku í eigin orkuverum eða kaupa hana frá öðrum orkuverum eða orkuveitum, veita henni um þau svæði, sem orkuveitutaugar þeirra ná yfir á hverjum tíma, og afhenda hana hverjum kaupanda við húsvegg hans eða á notkunarstað.

25. gr.

Til þess að koma upp mannvirkjum héraðsrafveitna ríkisins skal fjár aflað:

- a. með lántökum;
- b. með framlögum úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið kann að verða í fjárlögum;
- c. með framlögum úr héraði, sbr. 26. gr., og
- d. með tekjuafgangi héraðsrafveitna ríkisins, sbr. 29. gr.

26. gr.

Gegn óendurkræfu og vaxtalausum framlagi ríkissjóðs til héraðsrafveitu ríkisins skal ávallt koma óendurkræft og vaxtalaust framlag úr héraði, er að upphæð nemi minnst hálfu framlagi ríkissjóðs. Framlag úr héraði greiðist úr sýslusjóði, og má í reglugerð, sem hver sýslunefnd semur og ráðherra staðfestir, setja um það ákvæði, hvornig sýslusjóði skuli koma sérstakar tekjur fyrir þeim greiðslum, þar á meðal þau skilyrði, að rafmagnsneytandi hafi greitt ákveðið gjald, heimtaugagjald, áður en veitutaugar eru lagðar að húsi hans eða jarðeign. Framlag úr sýslusjóði til héraðsrafveitu ríkisins getur sýslunefnd bundið við tiltekið mannvirki.

27. gr.

Áður en ráðizt er í að koma upp orkuveitu eða reisa orkuver, skal að undan-gengnum rannsóknum gera nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af mannvirkjunum.

Nú sýna áætlanir, að tekjur af mannvirkjunum muni eigi nægja til að greiða vexti og afborganir af öllum stofnkostnaði auk annars rekstrarkostnaðar, þar með talið hæfilegt gjald í varasjóð, og má þá eigi gera mannvirkin, nema héraðsrafveitum ríkisins hafi komið óendurkræft og vaxtalaus framlög, sbr. 25. og 26. gr., sem nægi til þess að greiða þann hluta stofnkostnaðar, sem umfram er það, er tekjur af mannvirkjunum geta staðið undir.

28. gr.

Nú er í senn um að ræða að gera fleiri en eina nýja héraðsrafveitu ríkisins eða aukningar eldri veitna, og skal þá sú veita ganga fyrir um framkvæmd, sem áætlanir sýna, að ber sig betur fjárhagslega.

Þá skal og að öðru jöfnu sú veita ganga fyrir um framkvæmd, sem hæst framlag er veitt til úr héraði að tiltölu við framlag ríkissjóðs.

29. gr.

Bókhaldi héraðsrafveitna ríkisins skal, eftir því sem kostur er, hagað þannig, að það sýni stofnkostnað, tekjur og gjöld veitnanna innan hvernar sýslu um sig.

Nú verður tekjuafgangur af rekstri héraðsrafveitna ríkisins innan sýslunnar, og skal honum varið til aukningar og endurbóta á veitum í þeirri sýslu. Reiknast í því sambandi sem framlag úr héraði jafnhár hundraðshluti af þeim tekjuafgangi og framlag úr sýslunni þá er orðið af öllu framlagi til héraðsrafveitna ríkisins innan sýslunnar.

30. gr.

Gjald fyrir raforku frá héraðsrafveitum ríkisins skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn þeirra semur og ráðherra staðfestir.

31. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrir máli um framkvæmd á ákvæðum þessara laga um héraðsrafveitur ríkisins.

V. KAFLI

Um raforkusjóð.

32. gr.

Raforkusjóður er eign ríkisins.

Stofnfé sjóðsins er raforkusjóður, eins og hann er orðinn við gildistöku þessara laga.

Aðrar tekjur sjóðsins eru:

- a. tekjuafgangur rafveitna ríkisins, sbr. 11. gr.;
- b. vextir af fé sjóðsins;
- c. framlag úr ríkissjóði að upphæð 2 milljónir króna ár hvert, og
- d. önnur framlög úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið kann að verða í fjárlögum.

33. gr.

Raforkumálastjóri annast stjórn raforkusjóðs og reikningshald undir yfirumsjón ráðherra.

Handbært fé raforkusjóðs á hverjum tíma skal geymt og ávaxtað í Landsbanka Íslands.

34. gr.

Úr raforkusjóði má veita rafveitum ríkisins:

1. lán, sem veitast til allt að 30 ára, til að koma upp tilteknum mannvirkjum;
2. rekstrarlán og bráðabirgðalán til skemmri tíma, þar á meðal til að greiða rekstrarhalla, sem verða kann af mannvirkjum hin fyrstu árin, eftir að þau eru gerð.

35. gr.

Úr raforkusjóði má greiða kostnað af rannsóknum og áætlunum til undirbúnings rafveituframkvæmda samkvæmt 8. og 46. gr.

Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra og endurgreiðast raforkusjóði með áföllnum vöxtum.

36. gr.

Úr raforkusjóði má greiða kostnað af almennum rannsóknum og tilraunum, sem raforkumálastjóri annast, til að stuðla að aukinni hagnýtingu raforku og hagnýttari notkun hennar svo og af leiðbeiningum til raforkunotenda um notkun orkunnar, sbr. 46. gr.

37. gr.

Lán þau, sem um getur í 34. gr., tölulíð 1, veitast samkvæmt tillögum ráðherra og samþykki Alþingis samkvæmt 9. gr.

Lán þau, sem um getur í 34. gr., tölulíð 2, ákveður ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra.

Um aðrar greiðslur úr raforkusjóði skal raforkumálastjóri árlega gera áætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis, sbr. 12. gr.

38. gr.

Ráðherra ákveður útlánsvexti raforkusjóðs, og mega þeir vera allt af 2½% lægri en víxillforvextir Landsbanka Íslands.

VI. KAFLI

Um rafmagnseftirlit ríkisins.

39. gr.

Ráðherra setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til öryggis gegn hættu og tjóni af þeim og til varnar gegn truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru eða síðar kunna að koma.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

- a. Gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja og annarra virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón eða hættu getur stafað af.
- b. Takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu og notkun tækja og annarra hluta raforkuvirkja, sem fullnægja ekki þessum skilyrðum.
- c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um raforkuvirki, sem fyrir hendi eru, og um ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að hlíta fyrir mælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.
- d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi og sölu raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innan lands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra og efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki frá rafmagnseftirliti ríkisins. Skal viðurkenningarmerkið vera staðfest af ráðherra og birtast í Stjórnartíðindum. Er engum heimilt að nota merkið nema með leyfi rafmagnseftirlits ríkisins og eftir þeim reglum, sem það setur um notkun þess.
- e. Löggildingu á hæfum rafvirkjum.
- f. Skyldu rafveitustjórna að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, sem notuð eru í sambandi við raforkuveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði settra reglugerða, og um heimild handa rafmagnseftirliti ríkisins að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuveitna eða láta loka fyrir rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, er þverskallast við að hlíta settri reglugerð, svo og að taka löggildingu eða söluleyfi um skamman eða langan tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina.
- g. Sektir, allt að 10000 krónum, fyrir brot á reglugerðinni.

40. gr.

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu fyrir eignir annarra manna eða hættu við truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja, en þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana hefur í för með sér verulega hagsmuni fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkominari eða miður trygg en venja er til eða krafizt verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Ráðherra sker úr öllum ágreiningi um það:

- a. hvort raforkuvirki hafi í för með sér hættu við truflunum á starfrækslu eldri virkja;

- b. hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum;
- c. hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk;
- d. hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Ráðherra getur stöðvað notkun raforkuvirkja, unz öryggisráðstafanir þær, er hann áskilur, eru komnar í framkvæmd.

41. gr.

Raforkumálastjóri hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með eftirliti ríkisins með raforkuvirkjum.

42. gr.

Ráðherra skipar að fengnum tillögum raforkumálastjóra framkvæmdastjóra til að stjórna framkvæmd eftirlits ríkisins með raforkuvirkjum. Nefnist hann rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Ráðherra skipar og ræður aðra fasta starfsmenn við rafmagnseftirlit ríkisins, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum rafmagnseftirlitsstjóra og raforkumálastjóra.

Laun rafmagnseftirlitsstjóra og annarra fastra starfsmanna og annar kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti sem ekki er séð fyrir fé til þess á annan hátt, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.

43. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforkuveitna skuli árlega greiða til rafmagnseftirlits ríkisins gjald, sem miðast við heildartekjur þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyprar raforku og má nema allt að einum hundradshluta af þeim, og að þeir, sem flytja inn til landsins raforkuvirki og hluta þeirra eða gera þau innan lands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð virkjanna, en söluverð þeirra frá verksmiðju, ef þau eru gerð hér, og má nema allt að ¼% af því. Undanþegin því gjaldi skulu þó vera þau raforkuvirki, sem ekki falla undir rafmagnseftirlit ríkisins.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, og má þá miða gjaldið við stærð rafla í orkuveri, og má það nema allt að 5 krónum á hvert kílóvatt í málraun þeirra.

Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjaldanna. Hann getur heimilað stöðvun á rekstri virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.

VII. KAFLI

Um stjórn raforkumála.

44. gr.

Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, skipar raforkumálastjóra til að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Hann skal vera rafmagnsverkfræðingur.

Ráðherra skipar og ræður fasta starfsmenn raforkumálastjóra til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum hans.

Laun raforkumálastjóra og annarra fastra starfsmanna og kostnaður af skrifstofu hans greiðist úr ríkissjóði, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.

45. gr.

Raforkumálastjóri er ráðunautur ríkisstjórnarinnar í raforkumálum.

46. gr.

Raforkumálastjóri annast rannsóknir á skilyrðum til hagnýtingar á orkulindum landsins, svo sem fallvötnum og jarðhitasvæðum, til raforkuvinnslu. Hann rannsakar og gerir tillögur um heildartilhögun á raforkuveitum til almenningsþarfa, sbr. og 8. gr.

Raforkumálastjóri rannsakar enn fremur og gerir tilraunir um hagfellda notkun raforku og leiðbeinir raforkunotendum í þeim efnum. Hann getur haft um það samvinnu við héraðsrafveitur.

47. gr.

Raforkumálastjóri hefur umsjón með vatnsrennslismælingum í fallvötnum landsins.

48. gr.

Raforkumálastjóri hefur umsjón með fallvötnum, sem eru í eign ríkissjóðs, heldur skrá yfir þau og annast nauðsynlegt bókhald í sambandi við þau. Um alla veiði í slíkum fallvötnum skal hann leita tillagna veiðimálastjóra.

Raforkumálastjóri gerir tillögur til ríkisstjórnarinnar um kaup á vatnsréttindum og jarðhitasvæðum, sem hann telur nauðsynlegt eða hagkvæmt, að ríkið eignist. Um hagnýtingu jarðhitasvæða, sem eru í eign ríkisins, skal leita álits raforkumálastjóra.

49. gr.

Ráðherra skipar fimm manna ráð, er skal vera ríkisstjórninni til aðstoðar í raforkumálum og nefnist raforkuráð.

Í raforkuráði eiga sæti fjórir menn, og tilnefnir hver þessara aðila einn: Samband íslenzkra rafveitna, Félag íslenzkra atvinnurekenda, Búnaðarfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands, og einn maður kosinn af Alþingi, og er hann formaður ráðsins. Skulu þeir tilnefndir og kosnir til fjögurra ára í senn, og gengur einn úr á hverju ári í þrjú ár, en tveir fjórða árið, í fyrsta skipti einu ári eftir að ráðið er skipað. Skal hlutkesti ráða í upphafi röð þeirra, er úr ganga, en þeirri röð síðan fylgt.

50. gr.

Þóknun til meðlima raforkuráðs greiðist úr ríkissjóði, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.

51. gr.

Verkefni raforkuráðs er að fylgjast með stjórn og framkvæmdum í raforkumálum, gera tillögur í þeim efnum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í öllum raforkumálum.

52. gr.

Raforkuráð skal eiga kost á að fylgjast með rannsóknum raforkumálastjóra og rekstri rafveitna ríkisins. Ráðinu skulu send til athugunar og umsagnar:

1. tillögur raforkumálastjóra um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu;
2. tillögur ríkisstjórnarinnar til Alþingis um að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða festa kaup á slíkum mannvirkjum;
3. frumvarp að gjaldskrám rafveitna ríkisins;
4. efnahags- og rekstrarreikningar rafveitna ríkisins og kostnaðarreikningar mannvirkja í smíðum svo og skýrslur raforkumálastjóra um rekstur rafveitna ríkisins;
5. fjárhagsáætlun rafveitna ríkisins og tillögur um lántökur, önnur fjárframlög og ráðstöfun fjár úr raforkusjóði;
6. frumvarp að reglugerð um rafveitur ríkisins;
7. erindisbréf, sem ráðherra gefur út handa starfsmönnum hjá raforkumálastjóra, rafveitum ríkisins og rafmagnseftirliti ríkisins;
8. tillögur um ákvörðun orkuveitusvæðis héraðsrafveitu;
9. frumvörp að reglugerðum og gjaldskrám héraðsrafveitna, ef ráðið óskar þess sérstaklega;

10. tillögur um nýjar héraðsrafveitur ríkisins ásamt kostnaðar- og rekstraráætlunum um þær.
11. frumvörp að reglugerð og gjaldskrár héraðsrafveitna ríkisins;
12. ársreikningar og fjárhagsáætlun héraðsrafveitna ríkisins;
13. frumvörp að reglugerð um raforkuvirki;
14. tillögur til breytinga á raforkulögum.

53. gr.

Ef raforkuráð verður eigi sammála um afgreiðslu máls til ríkisstjórnarinnar, skal það gera henni grein fyrir því, hvernig atkvæði féllu um málið í ráðinu, og er hverjum einstökum fulltrúa í ráðinu rétt að leggja fram sérálit í málinu, sem sendist með málsskjólum til ríkisstjórnarinnar.

54. gr.

Ráðherra getur sett raforkuráði ákveðinn frest til afgreiðslu mála, sem því eru send til umsagnar. Hann getur í reglugerð að fengnum tillögum raforkuráðs og um-sögn raforkumálastjóra sett nánari ákvæði um starfshætti og verksvið þess.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

55. gr.

Rafveitur ríkisins, héraðsrafveitur ríkisins og raforkusjóður eru undanþegin tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

56. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: lög um vatnsorkusérleyfi, nr. 46 1925, lög um raforkuvirki, nr. 83 1932, lög um viðauka við og breytingar á lögum um raforkuvirki, nr. 38 1939, lög um rafveitur ríkisins, nr. 16 1942, og lög um raforkusjóð, nr. 91 1942; enn fremur öll önnur ákvæði eldri laga, sem koma í bága við ákvæði laga þessara.

57. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meiri hluti iðnaðarnefndar, þeir SEH, JJós, StJSt og STh, flytur frv. þetta að beiðni samgöngumálaráðuneytisins. Þó áskilja þeir sér rétt að flytja og fylgja breytingartillögum. Fimmti nefndarmaðurinn, SP, vildi ekki taka þátt í flutningi málsins.

Svolátandi greinargerð fylgdi frv. frá ráðuneytinu:

„Svo sem fyrirsögn frumvarpsins bendir til, er það tilætlunin, að í lögum eða laga-bálki þessum séu saman tekin öll löggjafarákvæði, sem sérstaklega varða raforkumál. Þó hefur verið reynt að komast hjá því, svo sem kostur er, að hrófla við vatnalög-unum.

Aðalákvæði frumvarpsins eru í stuttu máli þessi: Ríkið tekur að sér að annast vinnslu á raforku handa íbúum landsins og flutning orkunnar milli héraða og lands-hluta. Það áskilur sér jafnframt einkarétt til þessa. Ríkið setur á stofn fyrirtæki, sem nefnist rafveitur ríkisins, til þess að leysa þetta verkefni af hendi. Sérstök fyrirtæki, sem nefnast héraðarafveitur, annast um að veita orkunni innan héraðs til notend-anna. Ríkisstjórnin ákveður orkuveitusvæði hvernar héraðsveitu, ákveður takmörk þess svæðis, sem henni er ætlað að veita raforku um. Kaupstaðir og kauptún, sem eru orkuveitusvæði út af fyrir sig eða eru að íbúatölu $\frac{3}{4}$ hlutar orkuveitusvæðis eða meira, hafa rétt á að hafa héraðsveituna í sínum höndum. Ráðherra veitir þeim þá einkarétt til sölu á raforku innan takmarka orkuveitusvæðisins. Ríkið setur á stofn

sérstakt fyrirtæki, er nefnist héraðsrafveitur ríkisins og hefur það verkefni að koma upp og reka héraðsrafveitur hvarvetna þar, sem ekki er annar aðili fyrir hendi til að taka þetta að sér, eða sérstökum erfiðleikum er bundið að veita orkunni til notenda, t. d. vegna þess, hve byggð er strjál. Þeim héraðsrafveitum, sem svo hagar til um, skal þegar í upphafi veitt nægilega mikið styrktarfé, til þess að þegar megi afskrifa stofnkostnað svo, að þær sé unnt að reka sem fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki eftir það. Af því styrktarfé leggur ríkissjóður fram allt að $\frac{2}{3}$ hlutum, en $\frac{1}{3}$ hluti a. m. k. skal koma úr héraði, og fer sá hluti framlagsins um hendur sýslunefnda, enda hafa þær og rétt til að ákveða í aðalatriðum, í hvaða veitumannvirki skal ráðizt innan hverrar sýslu á hverjum tíma. Öll nágildandi ákvæði um eftirlit af hálfu ríkisins með raforkuvirkjum til öryggis gegn tjóni og hættu af þeim eru tekin upp í frumvarpið að heita má óbreytt og án viðauka. Ríkið lætur gera fullkomna rannsókn á skilyrðum til vinnslu og notkunar raforku. Stjórn raforkumálanna er í aðalatriðum þannig fyrir komið, að skipaður er raforkumálastjóri, sem hefur þau mál öll með höndum undir yfirstjórn þess ráðherra, sem fer með raforkumál, en fimm manna raforkuráð, skipað af ráðherra, fjórir þeirra eftir tilnefningu fjögurra félagssamtaka, sem telja innan sinna vébanda þorra allra rafmagnskaupenda og rafmagnsnotenda í landinu, hinn fimmti, formaður ráðsins, kosinn af Alþingi, er ríkisstjórninni til ráðuneytis í öllum raforkumálum, fylgist með stjórn þeirra og framkvæmd og gerir tillögur til ríkisstjórnarinnar þeim viðvikjandi. Sérstakur framkvæmdastjóri er skipaður til að stjórna rekstri og byggingarframkvæmdum rafveitna ríkisins undir yfirstjórn raforkumálastjóra og á sama hátt sérstakur framkvæmdastjóri yfir rafmagns-eftirlitið, einnig undir yfirstjórn raforkumálastjóra. Raforkusjóði, sem er eign ríkisins, er varið til að koma upp mannvirkjum rafveitna ríkisins og héraðsveitna ríkisins, þó þannig, að fé er veitt úr sjóðnum í þessum tilgangi aðeins sem lán, er endurgreiðist með vöxtum. Úr sjóðnum má og kosta rannsóknir og undirbúning virkjunarframkvæmda, en kostnaðurinn endurgreiðist sjóðnum, ef í framkvæmdir er ráðizt. Þá má og kosta úr honum ýmsar almennar rannsóknir á sviði raforkumála. Tekjuafgangur rafveitna ríkisins rennur í raforkusjóð.

Þetta er í stuttu máli innihald frumvarpsins.

Það er vitað, að alveg óhjákvæmilegt verður að verja á næstu árum, svo að skiptir hundruðum milljóna króna eftir núverandi verðlagi til þess að koma upp mannvirkjum til að vinna raforku og veita henni um landið, ef þróun atvinnu- og menningarlífs á að haldast hér á landi. Öllum kaupstöðum landsins og öllum sjávarþorpum þarf að sjá fyrir rafafli, og er aflþörfin sums staðar tí- til tvítugföld á við það afl, sem fyrir er. Í öllum sýslum landsins þarf auk þess hið allra fyrsta að sjá miðstöðvum atvinnu- og menningarlífs sveitanna og kjarna byggðanna fyrir rafmagni. Það mun nú vera almennt viðurkennt, að veruleg hættu er á því, að framkvæmdir næstu ára til öflunar raforku handa landsbúum muni fara mjög í handaskolum, ef þær eru ekki rækilega skipulagðar og vel undirbúnar. Og mönnum er það ljóst, að án verulegra afskipta ríkisvaldsins verður ekki tryggt, að vel fari í þessum efnun.

Um afskipti ríkisvalds virðist þá aðallega um tvær aðferðir að ræða. Önnur er sú, að ríkið hafi strangt eftirlit með því, í hvaða framkvæmdir er ráðizt, og með tilhögun þeirra og rekstri og hafi fullt vald til að skipa þar fyrir um og banna, eftir því sem nauðsynlegt er til að tryggja haldkvæma tilhögun. Til þess að geta skipað fyrir í þeim efnun verður ríkið að sjálfsögðu að hafa gert sér grein fyrir því, hvaða framkvæmdir og hver tilhögun mannvirkja er hin hagkvæmasta. Og það verður einungis gert með því móti, að ríkið sjálft láti framkvæma hinar fullkomnustu rannsóknir, komi upp ríkisstofnun, sem sakir þekkingar sinnar og að undangengnum ýtarlegum rannsóknum fær fullkominn myndugleika til að segja fyrir um, í hvaða mannvirki skuli ráðizt og hvað ekki megi gera.

Hin aðferðin er sú, að ríkið taki sjálft að sér framkvæmdirnar, að koma á ríkisrekstri á vinnslu og flutningi raforku.

Fyrri aðferðin er að því leyti neikvæð, að hún tryggir ekki, að í nauðsynlegar

framkvæmdir verði ráðizt. Verkefnin, sem fram undan eru, eru svo stórfelld, að þau eru ofviða og ná langt út fyrir verkahring þeirra aðila, sem til þessa hafa haft raforkuvinnsluna í höndum sér. Nýr og öflugri aðili þarf að koma til kastanna. Hingað til hefur hvert sveitarfélag annast um raforkuöflun handa íbúum síns héraðs. Hér eftir er ekki nema um tvennt að ræða: Annaðhvort verður að mynda öflug samtök margra sveitarfélaga til að leysa verkefnin í hverjum landshluta eða ríkið tekur þetta að sér. En þótt framkvæmdir yrðu í höndum sambanda sveitarfélaganna, kæmist ríkið ekki hjá óbeinni þátttöku í tvennum skilningi. Ríkið mundi í fyrsta lagi þurfa að láta framkvæma að mjög verulegu leyti nauðsynlegar rannsóknir og teknískan undirbúning framkvæmdanna, eins og þegar hefur verið bent á, en í öðru lagi yrði ríkið að taka á sig fjárhagslega ábyrgð þeirra vegna með ríkisábyrgð á lánum til þeirra.

Það verður varla efazt um það, að hin fyllsta trygging þess, að vel takist um framtíðarþróun raforkumála landsins, fæst með því, að ríkið taki að sér þau verkefni á þessu sviði, sem liggja utan við verksvið og yfir getu einstakra sveitarfélaga. Um þetta verður því síður efazt sem sjá má fram undan þá þróun, að orkuveitur landsins tengjast að lokum í samfelld kerfi um allt landið.

Grundvallaratriði frumvarpsins er í samræmi við þetta, þar sem það gerir ráð fyrir því, að ríkið taki að sér alla raforkuvinnslu og flutning orkunnar milli héraða og landshluta. Það fer hins vegar ekki lengra í þessu efni en tilefni standa til, þar sem það ætlar sveitarfélögunum að annast framvegis eins og hingað til það verkefni að dreifa orkunni innan héraðs til notenda.

Alger nýjung eru ákvæði frumvarpsins um stofnun héraðsrafveitna ríkisins. Hlutverk þeirra er, svo sem áður er á minnzt, að koma upp og reka héraðsveitur hvarvetna þar, sem annar aðili er ekki fyrir hendi til að taka þetta að sér, og þar, sem sérstökum erfiðleikum er bundið að veita orkunni til notenda, t. d. vegna þess, hve byggð er dreifð. Þeim er með öðrum orðum einkum ætlað að reka héraðsveitu utan kaupstaða og þeirra kauptúna, sem eru hreppar út af fyrir sig. Höfuðverkefni þeirra verður þannig að veita rafmagn um sveitir landsins, en það er vitanlegt, að sveitir landsins eru allar svo strjálbýlar, að hinn sérstaki kostnaður af því að veita orkunni til þeirra, sem þar búa, þótt veitt sé frá orkuveri eða spennistöð miðsveitis, er meiri en svo, að tekjur af raforkusölu frá slíkri veitu geti borið hann. Svo mun að minnsta kosti verða um langan aldur. Verkefni héraðsveitna ríkisins er þó ekki eingöngu bundið við styrkþurfa veitur, heldur nær það einnig til þess að koma upp veitum, þar sem að visu er nægilega þéttbýlt til þess, að héraðsveitan getur borið sig sjálf, en þar sem orkuveitusvæði héraðsveitunnar verður af teknískum og fjárhagslegum ástæðum að taka yfir svæði, sem ekki fylgir sveitamörkum.

Héraðsrafveitur ríkisins mundu að nokkru leyti svara til Rural Electrification Administration, R. E. A., í Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Þó eru þar, sem kunnugt er, afskipti ríkisins af sveitarafveitunum aðeins þau að veita tekníska aðstoð og hagkvæm lán. Veitunum er komið upp og þær reknar hver af sínu samvinnufélagi, sem stofnað er um veituna eftir sérstökum reglum. Til þessa hafa að heita má allar veiturnar borið sig fjárhagslega og staðið í skilum við ríkið um endurgreiðslu lána. Um heina styrkveitingu til þeirra hefur ekki verið að ræða. Hér á landi verða að heita má allar sveitarafveitur styrkþurfa. Tala allra sveitabýla á landinu mun vera kringum 6000. Töluverður hluti sveitanna er svo dreifbýll, að lagning rafveitu um þær kemur ekki til greina. Í Bandaríkjunum mun hins vegar varla nokkur einstök sveitarafveita vera svo lítil, að hún telji ekki nema 6000 býli. Aðstæður eru því harla ólíkar þar og hér. Eitt er þó það atriði í þessu sambandi, sem ætla má, að gildi jafnt hér sem þar. Þess er ekki að vænta, að „raflýsing“ sveitanna miði neitt áfram, nema það verkefni verði tekið upp á sérstökum skipulagslegum grundvelli. Sveitarafveitan er og verður sérstakt teknískt og fjárhagslegt viðfangsefni. Þannig má t. d. ekki reikna með því, að kaupstaða- og kauptúnarafveitur vikki orkuveitusvæði sín út fyrir bæjar- mörkin og teygji sig út um sveitir, svo að nokkru nemi.

Búast má við því, að mjög óviða hér á landi verði fyrst um sinn hægt að taka

fyrir heila sveit og koma upp rafveitu um hana alla í einni svipan. Hitt er fremur, að í hverri sýslu landsins verði í fyrstu lögð ein eða nokkrar línur til ákveðinna staða, sem mestu máli þykir skipta að veita raforku til og þar sem raforkunotkunin verður tiltölulega mest í hlutfalli við tilkostnað. Sem dæmi slíkra hugsanlegra byrjunarframkvæmda skulu nefndar: veita um þéttbýlasta hluta Ólfuss til Hveragerðis, lína frá Andakilsárvirkjun eða frá Hvanneyri um Kleppjárnsreyki og Deildartungu til Reykholtsskóla, lína frá Sauðárkróki til Varmahlíðar, lína frá Akureyri áleiðis inn Eyjafjörð (raunar þegar komin inn að Laugalandi, að nokkru með tilstyrk setuliðs-ins), lína frá Laxárvirkjun um Grenjaðarstaða- og Múlahverfin og Breiðumýri til Laugaskóla, lína um Egilsstaði á Völlum til Eiðaskóla o. s. frv. Á Suðurlandi hefði einnig mátt nefna línu upp að Skálholti (bændaskóli) og Laugarvatni og línu austur frá Selfossi um Skeggjastaði, skólasetur í Holtum, Keldur og Þykkvabæ til Hvolhrepps, en þessi dæmi hafa aðeins verið tekin af handahófi og því alls fjarri, að um neina tæmandi upptalningu sé að ræða. En frumvarpið gerir þá og ráð fyrir því, að íbúar héraðanna eða fulltrúar þeirra, nánar tiltekið sýslunefnd hverrar sýslu, ákveði á hverjum tíma, hvaða línur eða veituhlutar þá skuli gerðir, jafnframt því sem þeir leggja að sínu leyti fram fé til framkvæmdanna, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Verður þannig að gera ráð fyrir því, að framan af verði í hverri sýslu að vísu um einhverjar rafveituframkvæmdir til sveita að ræða, en hvarvetna svo smáar, að veitan geti ekki borið teknískt menntað starfslið til nýbygginga og viðhalds né heldur sérstaka rafveitustjórn. Þá verður og óhjákvæmilegt, að ríkið leggi fram verulegan hluta af nauðsynlegu styrktarfé til að koma upp veitunum og sjá þeim auk þess fyrir lánsfé. Þegar nú ríkið þannig hlýtur að fá svo verulegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta hjá rafveitum sveitanna, en hlýtur auk þess óhjákvæmilega að hafa í sinni þjónustu vel menntað og þjálfað starfslið vegna annarra rafveituframkvæmda sinna í sambandi við rafveitur ríkisins, framkvæmda, sem ráðizt verður í viðs vegar um allt land, þá verður þessum málum varla fyrir komið á annan hátt heppilegri en ríkið sjái um að koma upp rafveitunum um sveitir landsins og annist rekstur þeirra.

Að sjálfsgöðu verður þessi starfsemi héraðsveitna ríkisins að vera reikningslega og fjárhagslega aðgreind frá þeim framkvæmdum, sem falla undir rafveitur ríkisins, enda gerir frumvarpið ráð fyrir því, að héraðsrafveitur ríkisins séu fjárhagslega sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki, þótt rafveitum ríkisins sé falin stjórn og rekstur héraðsveitanna.

Það mun varla fara hjá því, að fljótlega verður hafizt handa um að koma upp hvarvetna um landið rafveitum til sveita, þar sem brýnust er talin þörfin og skilyrði fjárhagslegrar afkomu bezt, ef frumvarp þetta nær fram að ganga og bæði rafveitur ríkisins og héraðsrafveitur ríkisins taka til starfa og fjárhagur þjóðarinnar versnar ekki til muna frá því, sem nú er.

Í frumvarpi þessu er valin sú leið um notkun raforkusjóðs að verja fé hans fyrst og fremst til að koma upp rafveitum ríkisins, þó þannig, að sjóðurinn haldist áfram sem sérstakur sjóður og starfi sem lánsstofnun fyrir rafveiturnar. Í sjóðinn renni 2 milljónir króna á ári úr rikissjóði og allur tekjuafgangur rafveitna ríkisins. Vextir af fé sjóðsins leggist við höfuðstólinn. Ef vextirnir eru 3% á ári, vex sjóðurinn samkvæmt þessum forsendum á 10 árum úr 11 milljónum króna í tæplega 40 milljónir, enda þótt ekki sé reiknað með neinum tekjuafgangi frá rafveitum ríkisins. Með sama áframhaldi vex sjóðurinn á næstu 10 árum þar á eftir næstum því í 80 milljónir. Sé nú gízkað á, að rafveitur ríkisins geri orkuver og orkuveitur fyrir 10 milljónir króna á ári að meðaltali næstu 20 árin og sjóðurinn sé jafnan notaður allur að telja megi til þeirra mannvirkja, þá er þátttaka hans í stofnkostnaði kringum $\frac{2}{3}$ hluta á þeim tíma, og í lok þess tíma er hluti sjóðsins í áhvilandi lánnum orðinn enn hærri, með því að þá er töluverður hluti af öðrum lánnum þegar greiddur.

Er raunar óþarft að henda á það, hversu mjög slík sjóðmyndun dregur úr allri fjárhagslegri áhættu rikissjóðs af þessum fjárfreku framkvæmdum, jafnframt því,

að rafveitunum eru eftir atvikum veitt hin ákjósanlegustu fjárhagsleg skilyrði til þess að afla landsbúum orkunnar við hagkvæmu verði.

Önnur notkun raforkusjóðs verður að kosta nauðsynlegar rannsóknir. Þarf eigi að fjölyrða um það, hversu miklu máli skiptir, að undirbúningsrannsóknir séu í engu vanræktar. Hefur oft viljað brenna við, að ekki þætti vera fé fyrir hendi til þeirra, og því full þörf á því, að í tíma sé lagt fé til hliðar í þeim tilgangi.

Sá kafli frumvarpsins, sem fjallar um rafmagnseftirlit ríkisins, er að mestu leyti tekinn orðréttur upp úr gildandi lögum (lög nr. 83 1932, um raforkuvirki, og síðari viðbætur þeirra laga). Nýjar eru 42. og 43. gr.

Síðasti kafli frumvarpsins fjallar um stjórn raforkumálanna. Samkvæmt því yrði framkvæmdastjórnin í þessum málum öllum sameinuð í einni skrifstofu undir forstöðu manns með fyllstu sérfræðilega menntun og kunnáttu, raforkumálastjóra, og undir yfirstjórn þess ráðherra, sem fer með raforkumál. Undir umsjón raforkumálastjóra er þó rekstur rafveitna ríkisins skilinn frá í sérstaka deild með sérstökum framkvæmdastjóra, rafveitustjóra ríkisins, og öll framkvæmd á rafmagnseftirliti ríkisins í aðra deild með sérstökum framkvæmdastjóra eða deildarstjóra, sem nefnist rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins, en öll rannsóknarstarfsemi og allt annað, er lýtur að hinn opinberu stjórn raforkumálanna, fellur beint undir skrifstofu raforkumálastjórans. Við skrifstofu raforkumálastjórans verður að sjálfsögðu að vera einn yfirverkfræðingur, sem jafnframt er staðgengill raforkumálastjórans í forföllum hans. Ríkisstjórninni til ráðuneytis um stjórn og meðferð raforkumálanna verður fimm manna ráð, skipað eftir tilnefningu viðurkennndra félaga og sambanda, sem til samans hafa innan sinna vébanda að telja má alla rafmagnskaupendur og rafmagnsnotendur í landinu, af hverju tagi notkunar sem er. Tilgangurinn með skipun ráðsins er tvíþættur, annars vegar að veita kaupendum og notendum rafmagns kost á — fyrir meðalgöngu samtaka sinna og fulltrúa þeirra í ráðinu — að fylgjast með meðferð mála, rannsóknum og undirbúningi framkvæmda og að koma fram álitinu og óskum í tíma, hins vegar að veita ríkisstjórninni og Alþingi þann stuðning til afgreiðslu þessara mála, sem með því fæst, að fulltrúar þessara aðila, sem tækifæri hafa haft til þess að kynna sér málin rækilega þegar við undirbúning þeirra, hafa látið í ljós álit sitt um þau.

Um einstakar greinar frumvarpsins:

1. kafli. Um vinnslu raforku.

1. gr.

Með frumvarpi þessu er valin sú leið til að tryggja hagkvæma tilhögun á öflun raforku handa landsbúum, að ríkið taki að sér orkuvinnsluna, og í þeim tilgangi áskilur ríkið sér einu heimild til að reisa og reka raforkuver. En þyki þó í einstökum tilfellum koma til athugunar, að annar aðili reisi raforkuver og reki það, eða sé slíks sérstaklega óskað, þá skal slíku máli eigi til lykta ráðið nema á Alþingi, enda ber ekki að gera ráð fyrir, að ríkið framselji þennan rétt sinn, nema mikilvæg rök hnígi að því og Alþingi setji í hvert sinn, að undangenginni athugun sérfróðra trúnaðarmanna ríkisins, þau skilyrði um tilhögun og rekstur orkuvers, sem nauðsynleg eru til þess að tryggja, að tilgangi þessara laga verði náð.

Um alllangan aldur verða nokkrir hlutar landsins utan hinna stærri rafveitna, og verður á þeim svæðum að vinna raforku í smáum rafstöðvum handa hverjum einstökum notanda eða fáum saman. Það er utan þess verksviðs, sem rafveitum ríkisins er sett, að annast þá orkuvinnslu, og eru því hin smáu orkuver undanskilin einkarétti ríkisins. Að visu er nokkurt álitamál, hvar stærðartakmörk þeirra orkuvera skuli sett, en hæfilegt þykir þó að setja þau við eitt hundrað hestöfl. Rafstöðvar einstakra sveitabýla eða fárra saman svo og við skóla eða aðrar stofnanir til sveita eru jafnan innan 100 hestafla að stærð. Hins vegar eru nokkur þorp og byggðahverfi í landinu, sem rétt þykir, að taki orku úr hinum stærri orkuveitum, en mundu hvert um sig eigi

þurfa meira afl en 100 hestöfl, fyrst um sinn að minnsta kosti. Þó hefur þótt rétt að setja ákvæði um heimild handa ráðherra að veita undanþágur allt að 500 hestöflum, einkum vegna verksmiðja, frystihúsa og þess konar, sem eru á afskekktum stöðum eða þurfa meira afl en héraðsveita getur í té látið. Þykir ekki ástæða til að láta þurfa koma til kasta Alþingis um samþykktir til slíks. Því meir sem rafveitur ríkisins þenja veitukerfi sitt um landið, því sjaldnar mun þó þurfa að koma til slíkra undanþáguveitinga. Hins vegar mun jafnan koma mjög til álita að leggja línu frá stærra veitukerfi til notandans, ef aflþörf hans fer fram úr 500 hestöflum.

Lögin gera ekki ráð fyrir því, að orkuver þau, sem nú eru í notkun, verði tekin af eignum þeirra né þeim bannað að reka þau áfram. Þykir eigi vera nauðsyn að gera það almennt, en hins vegar veita vatnalögin ríkisstjórninni heimild til „að taka lög-námi sérhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til að vinna úr því orku til almenningsþarfa, svo og orkuver eða orkuveitu, ef nauðsynlegt þykir til að fá hallkvæma skipun á orkuveitum um eitthvert svæði“. Hitt er hugsanlegt, að sérrekstur sumra þessara orkuvera verði eignum þeirra óhagkvæmari en áður, eftir að rafveitur ríkisins eru teknar til starfa, og að þeir óski að afhenda þær ríkinu. Virðist mega telja, að ríkinu beri nokkur skylda til að kaupa orkuverin, þegar svo stendur á. Kæmi jafnvel til mála að setja slíkt skylduákvæði í þessa grein laganna, en þykir þó að athuguðu máli ekki ástæða til þess, með því að um kaupin yrði samþykki Alþingis að koma til samkvæmt öðrum ákvæðum laganna, en eigandi orkuvers mun jafnan eiga þess kost að koma máli sínu á framfæri á Alþingi, þótt sölutilboði hans væri eigi sinnt af stjórn rafveitna ríkisins.

2. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við 1. gr. laga nr. 83 1932, um raforkuvirki, sem segir, að hver sveitar- eða bæjarstjórn hafi einkarétt til þess að stofnsetja raforkuver og starfrækja þau innan sveitar. Þau eru og í samræmi við ákvæði vatnalaganna, sbr. t. d. 60. gr. þeirra.

II. kafli. Um rafveitur ríkisins.

3. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. laga nr. 16 1942, um rafveitur ríkisins, að öðru leyti en því, að þar stendur: „Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn“ o. s. frv., en hér: „Ríkisstjórnin setur á stofn“ o. s. frv. Það leiðir af samþykkt frumvarps þessa, að ríkið verður þegar í stað að koma upp rafveitum og hefja rekstur þeirra, og er því ástæðulaust að orða þetta ákvæði sem heimildarákvæði.

4. gr.

Um raforkumálastjóra og stjórn raforkumála nánar síðar.

5. gr.

Sérstakur framkvæmdastjóri skal ráðinn til að annast um rekstur rafveitna ríkisins. Í frumvarpinu er verk svið hans ekki ýtarlega skilgreint, en verður gert í erindisbréfi. Er gert ráð fyrir því, að undir hans verk svið falli að sjá um byggingu orkuvera og orkuveitna, þegar slíkar framkvæmdir hafa verið ákveðnar, og að sjálf-sögðu er og miðað við, að hann sé jafnan með í ráðum um ákvörðun slíkra framkvæmda og geri tillögur um þær, þótt hvorugt sé sérstaklega fram tekið í frv. Með því að hér er um nýtt fyrirtæki að ræða, sem á sér ekki fordæmi hér á landi, þykir ekki ástæða til og raunar ekki rétt að setja nánari ákvæði um starfslið þess, ráðningu þess og kjör, en lagt í hendur ráðherra að setja um þetta ákvæði í reglugerð.

6. gr.

Fyrsta málsgreinin skilgreinir í stórum dráttum verkefni og verk svið rafveitna ríkisins. Er hún í rauninni hin sama sem í 2. gr. laga um rafveitur ríkisins, en orða-

lagi nokkuð breytt. Er hér notað heitið héraðsrafveitur sameiginlega um raforkuveitur í kaupstöðum og kauptúnum og aðrar innanhéraðsorkuveitur eða orkuveitufélög, en heitið héraðsrafveita er nægilega skilgreint í III. kafla frumvarpsins, um héraðsrafveitur.

Tvær síðari málsgreinarnar eru teknar upp úr lögum um rafveitur ríkisins með þeirri breytingu einni, að í stað orðanna „innanhéraðsorkuveita eða orkuveitufélag“ kemur: héraðsveita. — Ákvæðinu um heimild handa rafveitum ríkisins að gerast „meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annarra“ o. s. frv. er haldið, enda þótt ríkið áskilji sér einkarétt til að koma upp orkuverum (stærri en 100 hestafla), vegna þess að frumvarpið gerir ráð fyrir, að þeir, sem við gildistöku laganna eiga raforkuver, eigi þau og reki áfram, ef þeir óska þess, og kann þetta ákvæði að koma til framkvæmda í samningum við einhverja þeirra. Þótt rafveitum ríkisins sé fyrst og fremst ætlað að selja raforku í heildsölu til héraðsveitna, þá getur þó sums staðar hagað þannig til, að hagkvæmara sé að afhenda einstökum rafmagnsnotendum orkuna beint úr veitu rafveitna ríkisins en úr héraðsveitu, einkum þó ef engin héraðsveita er nálægt þeim stað, þar sem orkunnar er þörf. Þykir nauðsynlegt að heimila, að rafveitur ríkisins selji beint til notenda, þar sem svo hagar til, en fremur sjaldgæft mun það vera, að þá heimild þurfi að nota.

7. gr.

Eins og áður er rætt, tekur ríkið að sér eigi aðeins að vinna raforku handa landsbúum, heldur og að flytja orkuna frá orkuverum til þeirra staða, þar sem héraðsveitur taka við henni. Þar selur ríkið héraðsveitunum orkuna í heildsölu, en þær annast smásöluna. Ákvæði þessarar greinar um einkarétt rafveitna ríkisins til heildsölu á raforku er hliðstætt ákvæðum frumvarpsins og gildandi laga um einkarétt héraðsveitna til smásölu á raforku, hvorrar á sínu orkuveitusvæði. Það er og hliðstætt ákvæði 1. gr. frumvarpsins um einkarétt ríkisins til að reisa og reka orkuver, og eru þessi tvö ákvæði bæði saman raunar grundvallaratriði þess, sem nýtt er í lagafrumvarpi þessu, að ríkið velur þá aðferð til að tryggja hina hallkvæmustu skipan á vinnslu raforku og á flutningi hennar til héraðanna að annast sjálft þetta hvort tveggja að öllu leyti. Undanþáguákvæði um heimild handa kaupstöðunum að selja héraðsveitum sínum og rafveitum ríkisins raforku í heildsölu frá orkuveitum þeim, sem þeir eiga nú, leiðir óhjákvæmilega af því ákvæði 1. gr. frv., sem heimilar kaupstöðunum að reka þessi orkuver áfram. Um heildsölu frá öðrum orkuverum en þeirra kaupstaða, sem nafngreindir eru í greininni, er varla að ræða, eins og nú standa sakir.

8. gr.

Í þessari grein er í samræmi við tilgang frumvarpsins, svo sem að framan greinir, lögð sérstök áhersla á, að áður en hafizt er handa um að reisa orkuver eða koma upp orkuveitu, sé látin fara fram rannsókn á því, á hvern hátt verði heppilegast fullnægt raforkuþörf þess héraðs eða landshluta, sem hinni fyrirhuguðu orkuveitu er ætlað að ná til. Þetta er ekki gert í núgildandi lögum um rafveitur ríkisins, enda réðu við samning þeirra önnur sjónarmið. Verður þó að sjálfsögðu að gera ráð fyrir, að einnig þá hafi verið til þess ætlazt, að jafnan yrði valin hin hallkvæmasta tilhögun, er fundin varð. Í þeim lögum er hins vegar lögð megináhersla á það, að rafveitur ríkisins megi ekki reisa orkuver eða gera orkuveitu, nema áætlanir sýni, að mannvirkin muni gefa nægar tekjur til að standa straum af öllum útgjöldum við þau og séu þannig fjárhagslega sjálfstæð í venjulegum rekstri. Enda þótt enn sem fyrr sé gert ráð fyrir, að rafveitur ríkisins verði fyrirtæki, sem beri sig sjálft í fjárhagslegu tilliti, þykir ekki ástæða til að setja því svo þröngar skorður um einstök mannvirki sem gert er í lögnum um rafveitur ríkisins, og það því síður sem tekið er fram í frumvarpinu, að samþykki Alþingis skuli koma til, áður en hafizt er handa um að gera ný mannvirki eða festa kaup á eldri virkjum, og ríkisstjórninni jafnframt gert að skyldu að láta tillögum sínum til Alþingis fylgja nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af mann-

virðjunum. Og raunar er þetta ákvæði 1. málsg. 4. gr. laga um rafveitur ríkisins hálfgerð meinloka, með því að vitanlega er ekki hægt með almennum lagaákvæðum að setja Alþingi skilyrði um, hvað það samþykkir og hvað ekki.

9. gr.

1. málsg. þessarar greinar er tekin orðrétt upp úr lögum um rafveitur ríkisins (síðasta málsg. 5. gr.) að öðru leyti en því, að bætt er inn í hana orðunum: „eða auka við hin fyrri orkuver eða orkuveitur“. Þykir rétt að taka það fram, svo að ótvírátt sé, að aukningar skuli bundnar samþykki Alþingis. Svo sem kunnugt er, geta t. d. síðari aukningar orkuvers orðið bæði kostnaðarsamari og meiri að afli en orkuverið var í upphafi, en hins vegar ekki hægt þá þegar að ákveða, hvernig þær aukningar verða eða hvenær þær verða framkvæmdar. Nú getur hins vegar orðið þörf minni háttar aukningar, einkum á orkuveitu, sem fullnægja þarf innan skemmri tíma en svo, að tími vinnist til að leita áður samþykkis Alþingis. Þykir því rétt að rýmka svo skilyrðið um samþykki Alþingis sem gert er í 2. málsgrein þessarar greinar.

10. gr.

Þarf eigi skýringar við.

11. gr.

Fyrstu tvær setningar greinarinnar eru teknar orðrétt upp úr lögum um rafveitur ríkisins. Viðbót er ákvæðið um það, að árlega skuli leggja hæfilega upphæð í varasjóð, allt að 10% af heildartekjum. Þarf varla að leiða rök að því, að slíku fyrir-tæki er þörf að eiga varasjóð til að mæta sérstöku tjóni, sem það getur orðið fyrir, svo sem t. d. miklum skemmdum á mannvirkjum vegna sérstakra ofveðra, ófyrir-séðra flóða í fallvötum og þess konar. Það getur verið álitamál, hve hátt tillagið í varasjóð þurfi að vera. Hér hefur því verið sett hámark við 10% af heildartekjum. Nú er gert ráð fyrir því, að tekjur rafveitna ríkisins nemi kringum 10% af stofnkostnaði þeirra, ef ekki koma verðlagsbreytingar, og nemur því hámark varasjóðstillagsins kringum 1% af stofnkostnaði mannvirkjanna. Þá mælir greinin svo fyrir, að annar tekjuafgangur rafveitna ríkisins renni í raforkusjóð. Ákvæði frumvarpsins um raforkusjóð eru á þá lund, að honum verði öllum varið til að koma upp rafveitumannvirkjum ríkisins og að öðru leyti til að efla og stuðla að heppilegri þróun raforkuvinnslu og raforkunotkunar í landinu og hagnýtingar orkulinda landsins. Ráðstöfun á fé úr raforkusjóði er jafnframt í meginatriðum bundin samþykki Alþingis árlega.

12. gr.

Þarf eigi skýringar við.

13. gr.

Þarf eigi skýringar við.

III. kafli. Um héraðsrafveitur.

14. gr.

Með 1. málsgrein er hugtakið héraðsrafveita skilgreint. Flestar rafveitur til almenningsþarfa, sem nú starfa hér á landi, eru héraðsrafveitur, svo sem Rafmagnsveita Reykjavíkur, Rafveita Hafnarfjarðar og Rafveita Akureyrar. Þær rafveitur, sem nú voru nefndar, kaupa raforkuna frá sérstökum fyrirtækjum, nefnilega Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, sem hafa einungis á hendi vinnslu orkunnar og flutning hennar til héraðanna. Héraðsrafveiturnar hafa einnig verið nefndar innanbæjarveitur, innansveitarveitur o. s. frv.

Hvorki í vatnalögum né í lögum um raforkuvirki eru skýr ákvæði um það, hvernig orkuveitusvæði rafveitna skuli takmarkast að svo miklu leyti sem þau eru ekki bundin við héraðstakmörk. Þörf þess, að hverri rafveitu séu sett ákvæðin staðartakmörk, hefur þó þegar komið fram. Í reglugerðum hinna stærstu rafveitna, svo

sem Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafveitu Akureyrar, eru nú sett ákvæði, er hljóða á þessa leið: „Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi kaupstaðarins og sá sluti nágrennis bæjarins, sem bæjarstjórn ákveður og atvinnumálaráðherra samþykkir.“ Nú verður það þáttur í rannsóknarstarfi raforkumálastjórnarinnar að athuga, hvernig landinu verður heppilegast skipt í dreifingarumdæmi, og ákveður þá ráðherra hverri héraðsveitu staðarmörk skv. niðurstöðum þeirra athugana.

Ákvæði 3. málsgreinar um veitingu einkaréttar til að veita raforku um tiltekið orkuveitusvæði og selja hana neytendum innan takmarka þess er í samræmi við ákvæði vatnalaganna (Sbr. 56. og 60. gr. þeirra laga.) og laga um raforkuvirki (Sbr. 1. gr. þeirra laga.).

15. gr.

Vatnalögin veita eigi héraðsstjórn neinn forgangsrétt til að stofna og reka héraðsrafveitu í umdæmi sínu, en 1. gr. laga um raforkuvirki kveður svo á, að „hver sveitar- eða bæjarstjórn hefur einkarétt til þess að stofnsetja raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnsorkuver, og starfrækja þau innan sveitar. Til starfrækslu utan sveitar þarf samþykki ráðherra“.

Í þessu frumvarpi er héraðsstjórn beinlínis veittur forgangsréttur til að stofna og reka héraðsrafveitu, ef nærri lætur, að orkuveitusvæði, sem ráðherra hefur ákveðið, falli saman við takmark umdæmis héraðsstjórnar eða það liggur allt innan takmarka hreppsins. Er forgangsrétturinn bundinn við það, að $\frac{3}{4}$ hlutar íbúa orkuveitusvæðisins búi innan takmarka kaupstaðarins eða hreppsins, ef orkuveitusvæðið er stærra en kaupstaðurinn eða hreppurinn. Um það hlutfall getur þó verið álitamál, hversu stórt það ætti að vera, en ekki er ástæða til þess, að bæjar- eða sveitarstjórn missi forgangsrétt sinn til rekstrar héraðsveitu, þótt þannig hagi til, að henni sé gert að selja raforku nokkrum íbúum utan héraðs, sökum þess að þeim er hagkvæmara að taka raforkuna úr þeirri héraðsveitu en afla hennar annars staðar að.

Sem dæmi þess, að orkuveitusvæði sé hins vegar aðeins hluti úr hreppi, má nefna, að vera kann, að ráðherra ákveði að undangengnum rannsóknum og áætlunum, að kauptún, sem ekki er hreppur út af fyrir sig, skuli vera sérstakt orkuveitusvæði, og hefur þá sveitarstjórnin forgangsrétt til þess að reka héraðsrafveitu kauptúnsins samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps.

16. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að dreifing raforku innan héraðs verði við- ast hvar í höndum bæjar- og sveitarstjórna eða ríkisins, en einkum þó í höndum bæjar- og sveitarstjórna. Þykir rétt að áskilja héraðsrafveitum ríkisins forgangsrétt til að reka héraðsveitu hvarvetna þar, sem bæjar- eða sveitarfélögin taka ekki þetta verkefni á sína arma, þannig að einstaklingar og félög fái ekki einkarétt til þess rekstrar, nema héraðsrafveitur ríkisins sjái ekki ástæðu til að taka reksturinn að sér á þeim stað. Verður að gera ráð fyrir, að héraðsrafveitur ríkisins beri í þeim málum hagsmuni rafmagnsneytenda fyrir brjósti eigi síður en hagsmuni ríkisins.

17. gr.

Þarf eigi skýringar við.

18. gr.

Greinin er í samræmi við 2. tölulið 56. gr. og 1. tölulið 57. gr. vatnalaganna og raunar að verulegu leyti tekin orðrétt upp úr þeim. Greinin þarf varla skýringar við að öðru leyti.

19. gr.

Á móti einkarétti til að selja raforku á tilteknu svæði verður að koma skylda til að láta þeim raforku í té, sem á því svæði búa. Þetta er og í samræmi við 61. gr. vatnalaganna. Hins vegar verður að takmarka þessa kvöð, sem á héraðsrafveituna er lögð, með vissum skilyrðum um raforkusöluna, m. a. til tryggingar því, að fjárhags-

legu öryggi rafveitufyrirtækisins sé ekki stefnt í voða af óhóflegum kröfum einstakra íbúa orkuveitusvæðisins. Eru nú í reglugerðum allra hinna stærri rafveitna slík ákvæði um söluskilmála, svo sem, að „rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug“, og „sé um tiltölulega mikla orku að ræða og rafveitan þarf til þess að fullnægja henni sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitunni heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði“. — Í greininni er og gert ráð fyrir, að slíkir skilmálar verði framvegis settir í reglugerðum.

20. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við gildandi ákvæði vatnalaganna og laga um raforkuvirki. Þó gera vatnalögin (Sbr. 63. gr. þeirra.) það ekki að skyldu, að héraðsrafveita hafi reglugerð. Í lögum um raforkuvirki (frá 1932), sem ætlazt er til, að numin verði úr gildi með samþykkt þessa frumvarps, er þetta hins vegar gert að skyldu, enda hafa nú allar rafveitur til almenningsþarfa, sem einkaréttar njóta, reglugerðir staðfestar af ráðuneyti.

21. gr.

Ákvæði þessarar greinar um, að héraðsrafveita skuli hafa gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir, er einnig í samræmi við ákvæði vatnalaganna og laga um raforkuvirki og við gildandi venju. Hvorug þessara laga hafa nein ein ákvæði um heimtaugagjöld, en það hefur verið nokkurn veginn föst venja um langt skeið (yfir 20 ár hjá sumum rafveitum) að taka heimtaugagjöld, og hafa þau jafnan verið ákveðin í gjaldskrá, sem staðfestar hafa verið af ráðherra. Upphæð heimtaugagjalds hefur þá venjulega verið miðuð við fasteigna- eða brunabótamat þeirrar fasteignar, sem heimtaugin er lögð að. Er ekki ástæða til annars en halda þessari venju, sem hefur gefizt vel, og þá rétt að hafa í lögum ótvírætt heimildarákvæði til þess.

IV. kafli. Um héraðsrafveitur ríkisins.

22. gr.

Þarf eigi skýringar við.

23. gr.

Það er hægt að spara allverulega í kostnaði af byggingu og rekstri héraðsrafveitna ríkisins, einkum meðan starfsemi þeirra er ekki mjög umfangsmikil, með því að láta starfslið rafveitna ríkisins annast rekstur héraðsrafveitnanna og framkvæmdir, eftir því sem við verður komið. Rafveitur ríkisins munu hafa þjálfað lið til verklegra framkvæmda víðs vegar um landið, fullkomin flutningatæki, verkfæri og vinnuvélar, og munu mjög oft geta hagað því svo til, að starfslið þetta vinni þau verk, sem inna þarf af hendi fyrir héraðsrafveitur ríkisins í hverju héraði, þegar það á erindi í héraðið eða í námunda við það vegna rafveitna ríkisins. Um sams konar sparnað í innheimtu og skrifstofuvinnu verður einnig að ræða.

24. gr.

Þótt greinin geri ráð fyrir því, að héraðsrafveitur ríkisins kunni að hafa eigin orkuver, þá verður hitt að sjálfsögðu reglan, að þær kaupa orkuna frá rafveitum ríkisins svo sem flestar aðrar orkuveitur. Þá er í greininni komizt svo að orði, að héraðsrafveitur ríkisins veiti raforku um það svæði, sem orkuveitutaugar þeirra ná yfir á hverjum tíma. Um skyldu þeirra til að selja raforku öllum, sem þess óska innan takmarka þess eða þeirra orkuveitusvæða, sem þær fá einkarétt á, gildir þó ákvæði 19. gr með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem fólgin eru í öðrum ákvæðum laganna og nánar verða fram tekin í reglugerð.

25. gr.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sbr. 27. gr., mega héraðsrafveitur ríkisins eigi taka herra lán til að koma upp neinu mannvirkja sinna en áætlanir sýna, að tekjur af mannvirkinu geti staðið straum af, auk annarra rekstrarútgjalda. Hafi áætlanir sýnt, að sú lánsupphæð hrökkvi ekki fyrir stofnkostnaði mannvirkisins, mega héraðsrafveitur ríkisins ekki ráðast í að gera mannvirkid, nema til þess hafi verið lagt fram á annan hátt það fé, er á vantar. Gerir frumvarpið ráð fyrir því, að það fé komi úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi héraði sem óendurkræf og vaxtalaus framlög, auk þess sem nota má tekjuafgang héraðsrafveitnanna sjálfra í þessum tilgangi.

Í frumvarpinu er ekki tiltekin upphæð árlegs framlags ríkissjóðs, en gert er ráð fyrir, að Alþingi veiti á hverju ári fé í þessum tilgangi eftir því, hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar eða fært þykir í að ráðast.

26. gr.

Að ákvæði þessarar greinar, sem setur það sem skilyrði fyrir framlagi ríkissjóðs til héraðsveitu, að móti komi framlag úr héraði eða frá þeim, sem veitunnar munu njóta, hníga ýmis rök. Það er sanngirniskrafa frá ríkinu, er það býður íbúum héraðanna þann stuðning, sem hér er gert, til að bæta afkomuskilyrði þeirra og auka lífsþægindi, að þeir eftir fjárhagslegri getu taki þátt í því að koma þeim mannvirkjum upp, sem hér um ræðir. Þá má og búast við, að héruðin mundu eigi stilla í hóf kröfum sínum til ríkisins um lagningu veitna, ef þau ættu sjálf að engu leyti að bera kostnað af þeim, en ríkið að öllu. Skilyrðið um fjárframlög úr héraði jafnframt réttinum til að ákveða að verulegu leyti, í hvaða framkvæmdir skuli ráðizt, veitir íbúum héraðanna þá tilfinningu ábyrgðar, sem þeir þurfa að hafa á því, að ekki verði ráðizt í að gera önnur mannvirki en þau, sem þörfin og fjárhagsleg skilyrði réttlæta.

27. gr.

Það er ætlunin (Sbr. greinargerð fyrir 25. gr.), að áður en héraðsrafveitur ríkisins leggja í að koma upp nýju mannvirki, sé ávallt rannsakað svo ýtarlega sem kostur er, hverjar tekjur og hver útgjöld muni af því verða, og sýni þær rannsóknir, að tekjur muni ekki hrökkva fyrir útgjöldum, þá skuli athugað, hversu miklum hluta stofnkostnaðar tekjur af mannvirkinu geta staðið undir, þegar allur rekstrarkostnaður og andvirði aðkeyptrar raforku hafa verið greidd. Síðan komi héraðsrafveitum ríkisins nægilega hátt vaxtalaust og óendurkræft framlag til þessa mannvirkis til þess að greiða þegar í upphafi niður stofnkostnað þess í þá upphæð. Má ekki gera mannvirkid, fyrr en það framlag er fengið. Er til þess ætlazt, að á þann hátt sé fyrir fram tryggt, að sjálft fyrirtækið, héraðsrafveitur ríkisins, verði hallalaust í rekstri.

Eins og áður er getið, munu héraðsrafveitur ríkisins í flestum tilfellum kaupa raforkuna frá rafveitum ríkisins, og er verð þeirrar orku á hverjum stað ákveðið í gjaldskrá rafveitna ríkisins. Um verð á raforku frá héraðsveitum ríkisins verða settar sérstakar gjaldskrár, sbr. 30. gr. frumvarpsins. Gera verður ráð fyrir því, að þessar gjaldskrár séu fyrir hendi, þegar gerðar eru rekstraráætlanir um ný mannvirki héraðsveitna ríkisins, eða söluverð rafmagns frá þeim verði ákveðið, um leið og áætlun er gerð, ef gjaldskrá hefur ekki áður verið sett.

28. gr.

Greinin þarf ekki skýringar við, og varla þörf að færa fram rök fyrir réttmæti ákvæða hennar.

29. gr.

Héraðsrafveitur ríkisins munu að visu víða ekki fylgja sýslumörkum, en með þeirri nákvæmni, sem nægir í þeim tilgangi, er hér ræðir um, er hægt að sundurliða tekjur og gjöld veitnanna eftir sýslum.

Rétt þykir að tryggja rafmagnsnotendum í hverju héraði, að tekjuafgangi af við-

skiptum þeirra verði varið til rafveituaukninga innan héraðs. Þó þykir ekki fært að miða í því sambandi við minna svæði en heila sýslu.

Telja verður heppilegt að hafa þá reglu að áætla varlega, þegar ákveðin er styrkþörf til fyrirhugaðs mannvirkis héraðsveitna ríkisins. Er þess þá að vænta, að rekstrarafkoman verði stundum betri en áætlanir gerðu ráð fyrir og nokkur tekjuafgangur verði í rekstri þeirra. Þegar svo er, má segja, að krafizt hafi verið óþarflega mikils framlags til mannvirkjanna, og þykir þá sanngjarnt að reikna sýslunni sem framlag til nýrra mannvirkja vissan hluta tekjuafgangsins, svo sem síðasta setning þessarar greinar mælir fyrir um, enda má þá búast við, að menn verði fúsari en ella að fallast á varlegar áætlanir og rífleg framlög.

30. gr.

Þegar hér er talað um gjaldskrá héraðsrafveitna ríkisins, þá er þó raunar miðað við, að um margar gjaldskrár geti orðið að ræða, jafnvel sérstaka gjaldskrá fyrir hvert hérað. Gjaldskrá rafveitna ríkisins mun jafnan ráða nokkru um gjaldskrá héraðsveitna. Að sjálf-sögðu er þess að vænta, að íbúar héraðanna muni að öðru jöfnu æskja þess, að verð á rafmagni héraðsrafveitu sé sem lægst. En hins vegar hafa þeir og hag af því, að héraðsrafveitan beri sig sem bezt, svo að framlag þeirra sé sem lægst. Það verður því nokkurt hagsmunamál héraðsins, að sett sé það verð á rafmagn frá héraðsveitunni, sem gefur henni mestar tekjur. En svo sem kunnugt er, gefur víst rafmagnsverð mestar tekjur af raforkusölu á hverjum stað og tíma. Hvort sem verðið er hækkað eða lækkað frá því, rýrna tekjur veitunnar. Greinin kveður svo á, að stjórn héraðsrafveitna ríkisins semur gjaldskrána, en ráðherra staðfestir hana. Að sjálf-sögðu munu íbúar héraðanna og sýslunefndir láta sig gjaldskrármálin nokkru skipta, og þykir mega gera ráð fyrir, að stjórn héraðsrafveitnanna muni hafa samráð við sýslunefndir um þau, enda hlýtur gjaldskráin jafnan að koma að einhverju leyti til athugunar og umræðu, þegar framlag úr sýslu til nýrra mannvirkja héraðsrafveitunnar er ákveðið. Þykir ekki ástæða til að setja í lögín nánari ákvæði um samningu gjaldskrár og ákvörðun rafmagnsverðs, fyrr en nokkur reynsla er fengin um rekstur héraðsrafveitna ríkisins, ef ýtarlegri ákvæða þykir þá þörf.

31. gr.

Í reglugerð mun þurfa að setja ýmis nánari ákvæði en ástæða þykir að taka fram í lögnum varðandi viðskipti héraðsrafveitna ríkisins við aðra, svo sem um sölu-skilmála o. fl., um löggildingu rafvirkja o. s. frv.

V. kafli. Um raforkusjóð.

32. gr.

Raforkusjóður er nú samkvæmt lögum um hann, nr. 91 1942, 11 milljónir króna. Er í þeim lögum svo fyrir mælt, að ríkissjóður leggi árlega fram til sjóðsins 500 þús. króna. Með þessu frumvarpi er lagt til, að árlegt framlag ríkissjóðs til raforkusjóðs sé hækkað upp í 2 millj. króna.

Að öðru leyti visast til þess, sem áður er sagt um raforkusjóð.

33. gr.

Svo sem þegar er um rætt, er fé raforkusjóðs eingöngu varið í þágu rafveitna ríkisins og til þeirra rannsókna, sem ríkið lætur framkvæma. Um lán úr sjóðnum og greiðslur rannsóknarkostnaðar fer skv. ákvæðum frumvarpsins eftir ákvörðun Alþingis og ráðherra á hverjum tíma. Þótt í þessari grein frumvarpsins sé svo að orði komizt, að raforkumálastjóri annist stjórn sjóðsins, þá er hér því raunar fremur um gæzlu og reikningshald að ræða.

34. gr.

Flestum rafveitufyrirtækjum er þörf nokkurs rekstrarfjár, með því að tekjur og gjöld haldast ekki í hendur frá degi til dags. Þykir rétt að heimila rafveitum ríkisins rekstrarfé úr raforkusjóði á þann hátt, sem gert er í 2. tölulið þessarar greinar. Jafnframt er gert ráð fyrir, að rafveitur ríkisins kunni að þurfa á fé að halda til að mæta rekstrarhalla frá ári til árs. Svo sem kunnugt er, vaxa útgjöld rafveitufyrirtækja mjög í stökkum, þegar aukningar á mannvirkum fara fram, en raforkusala og tekjur rafveitnanna vaxa jafnt frá ári til árs, og getur þá orðið halli af rekstri mannvirkja í nokkur ár, þótt öruggt sé, að hann vinnist upp síðar. Fyrir slíku er og ráð gert í lögum um rafveitur ríkisins, sem nú eru í gildi.

Þá er og í sama tölulið gert ráð fyrir bráðabirgðalánnum úr sjóðnum til rafveitna ríkisins í öðrum tilgangi, en það er til minni háttar aukninga, sem hafin er framkvæmd á, áður en samþykki Alþingis er fengið, samkv. síðari málsgrein 9. greinar. Er þá miðað við, að þegar Alþingi kemur næst saman þar á eftir, taki það ákvörðun um þau lán, að fengnum tillögum ráðherra, hvort þeim skuli breytt í föst lán hjá sjóðnum eða greidd upp.

35. og 36. gr.

Nú er að vísu gert ráð fyrir, að laun raforkumálastjóra og fastra starfsmanna, sem ráðnir eru honum til aðstoðar, svo og skrifstofukostnaður verði greitt úr ríkissjóði og fé veitt til þess árlega í fjárlögum skv. 44. gr. En einatt verður um margháttaðan annan og sérstakan rannsóknarkostnað að ræða, og geta það orðið mjög mismunandi upphæðir frá ári til árs eftir því, hvernig á rannsóknum stendur. Þykir heppilegt að heimila, að slíkur kostnaður verði greiddur úr raforkusjóði til bráðabirgða, en endurgreiðist sjóðnum, þegar ákveðið hefur verið að ráðast í mannvirki þau, sem undirbúin hafa verið með þeim rannsóknum, og fjár hefur verið aflað til framkvæmdanna.

Þó verður jafnan um ýmsar rannsóknir að ræða, sem ekki verður hægt að heimfæra til undirbúnings ákveðinna mannvirkja, en þó stuðla að því, að tilgangi þessara laga verði náð um hagkvæma öflun raforku handa íbúum landsins og hagnýta notkun hennar. Í því sambandi er ástæða til að taka það fram, að það skuli vera í verkahring raforkumálastjórnar ríkisins að leiðbeina landsmönnum um það, hvernig þeir geta notfært sér orkuna á sem hagfelldastan hátt, kenna þjóðinni að nota raforkuna á margvíslegan hátt og nota hana rétt. Að sjálfsögðu verður um slíkt jafnframt að hafa samvinnu við héraðsveitur, sem afhenda orkuna til notenda. Á vel við að verja nokkru fé úr raforkusjóði eða af tekjuafgangi rafveitna ríkisins í þeim tilgangi.

37. gr.

Um rekstrarlán og bráðabirgðalán, sem veitt eru til skamms tíma, virðist ekki ástæða til að láta samþykki Alþingis koma til í hvert sinn.

Um kostnað af rannsóknum verður ekki fyrir fram vitað með verulegri nákvæmni, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að raforkumálastjóri geri árlega fyrir fram tillögur og kostnaðaráætlanir um rannsóknir, er framkvæmdar verði á næsta ári, eftir því sem kostur er, og að ráðherra leggi fyrir Alþingi tillögur um notkun fjár úr raforkusjóði í þessum tilgangi.

38. gr.

Það getur að vísu verið álitamál, hversu háa vexti rafveitum ríkisins skuli gert að greiða raforkusjóði af því fé, sem þær fá að láni úr sjóðnum, en með því að á lán úr sjóðnum fellur væntanlega enginn lántökukostnaður af neinu tagi, þá munu þau vaxtakjör, sem greinin heimilar, væntanlega jafnan verða rafveitum ríkisins töluvert hagkvæmari en þær geta fengið annars staðar.

VI. kafli. Um rafmagnseftirlit ríkisins.

39. gr.

Greinin er tekin orðrétt að mestu upp úr gildandi lögum um raforkuvirki. Efnisbreyting er engin, önnur en hækkun á hámarksupphæð sekta úr 1000 krónum í 10000 krónur.

40. gr.

Greinin tekin orðrétt úr lögum um raforkuvirki.

41. og 42. gr.

Þurfa varla nánari skýringar.

43. gr.

Greinin er tekin orðrétt úr gildandi lögum um raforkuvirki að öðru leyti en því, að í 2. málsgrein er upphæð gjalds hækkuð úr 2 krónum í 5 krónur.

VII. kafli. Um stjórn raforkumála.

44. gr.

Raforkumálastjóri er hinn sérmenntaði aðstoðarmaður ríkisstjórnarinnar um afgreiðslu allra raforkumála. Með reglugerðum og erindisbréfi mun ríkisstjórnin fela honum að fara í hennar umboði með stjórn ýmissa þeirra mála og annast fulln- aðarafgreiðslu á ýmsum atriðum.

Starfi raforkumálastjóra má skipta í fjóra aðalþætti:

- a) að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í öllum raforkumálum;
- b) að sjá um þær rannsóknir á sviði raforkumála, sem kostaðar verða af ríkinu, og gera tillögur um það, í hvaða framkvæmdir skuli ráðizt;
- c) að hafa í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með rekstri allra rafveitna ríkisins og nýbyggingum þeirra;
- d) að hafa í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með eftirliti ríkisins með raforkuvirkjum.

Umboð raforkumálastjóra, rafveitustjóra ríkisins og rafmagnseftirlitsstjóra ríkisins verða nánar ákveðin í erindisbréfum og reglugerðum.

45. gr.

Þarf eigi nánari skýringar við.

46. gr.

Fyrir dyrum standa allumfangsmiklar rannsóknir á jarðhitasvæðum landsins með það fyrir augum að fá úr því skorið, hvort vér munum geta hagnýtt jarðhitann til raforkuvinnslu. Hér er lagt til, að raforkumálastjóri sjái um þær rannsóknir. Að vísu er um ýmiss konar aðra notkun jarðhitans að ræða, eins og kunnugt er, svo sem til húsa hitunar, til gróðurhúsa, til þurrkunar o.s.frv., og fellur þetta í eðli sínu ekki undir raforkumál. Þó er sýnt, að virkjun jarðhita til raforkuvinnslu hlýtur að verða í höndum raforkumálastjóra og rafveitna ríkisins og svo allur undirbúningur virkjunar. Og víða hagar þannig til um jarðhita, að líklegt er, að jarðgufan verði fyrst notuð til raforkuvinnslu, en hiti hennar síðan nýttur til einhverra þeirra þarfa annarra, sem áður voru nefndar. Væri því e. t. v. heppilegast, að yfirumsjón með hvers konar hagnýtingu jarðhita og öllum rannsóknnum jarðhitasvæða væri falin raforkumálastjóra, en sérstök deild í skrifstofu hans fari með þau mál. Um þetta eru ekki sett ákvæði í frv. þetta, enda mundi eigi þurfa lagaákvæði til að koma þeim málum svo fyrir, ef horfið yrði að því ráði.

Um ákvæði annarrar málsgreinar þessarar greinar hefur áður verið rætt.

47. gr.

Vatnsrennslismælingar í fallvötnum eru fyrst og fremst framkvæmdar til undirbúnings virkjana til raforkuvinnslu, og eru þær raunar einn þáttur í rannsóknum á skilyrðum til hagnýtingar á orkulindum landsins. Þykir eftir atvikum réttara og heppilegra, að þær heyri undir raforkumálastjóra og séu framkvæmdar með öðrum rannsóknum hans, en þær hafa til þessa heyrt undir vegamálastjóra.

48. gr.

Ákvæði greinarinnar eru tekin úr gildandi lögum um rafveitur ríkisins, en því, sem að jarðhita lýtur, er þó bætt við hér. Viðvíkjandi síðustu setningu greinarinnar vísast til þess, sem sagt var um 46. gr., en ákvæðið er nauðsynlegt, ef raforkumálastjóra er ekki falin umsjón með jarðhitasvæðunum.

49. gr.

Um það, hver rök hníga að því, að skipað verði raforkuráð, er þegar rætt, og vísast til þess. Það er tilætlunin með ákvæðum greinarinnar um tilnefningu í raforkuráð, að í því komi til með að eiga sæti menn, sem skoðast geti fulltrúar aðalatvinnuvega landsins, sem sérstaklega hafa hagsmuna að gæta vegna notkunar rafmagns í alvinnurekstri, fulltrúar fyrir héraðsveitur, sem eru milliliðir milli rafveitna ríkisins og rafmagnsnotenda, og fulltrúar samtaka, sem telja innan sinna vébanda meginþorra þeirra, er rafmagn kaupa til heimilisnota. En svo virðist mega telja, að Félag íslenzkra atvinnurekenda, Búnaðarfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands hafi innan sinna vébanda meginþorra þeirra, er rafmagn kaupa til heimilisnota.

Með því að ráðið er skipað fulltrúum félaga og sambanda, er rétt, að meðlimir þess séu skipaðir aðeins til takmarkaðs tíma og félögum gefist þá kostur á að skipta um fulltrúa, ef þau óska þess, og virðast fjögur ár vera hæfilegur tími. En með því að ekki er heppilegt að skipta um alla meðlimi í ráðinu í senn, er svo ákveðið, að árlega gangi einn maður úr því, nema fjórða hvert ár, er tveir ganga úr. En þess er þó að vænta, að sem oftast verði hinir sömu menn endurkosnir, ef á annað borð hefur vel tekizt með valið, með því að gera má ráð fyrir, að það taki hvern fulltrúa nokkurn tíma að öðlast þá reynslu og þekkingu á raforkumálum, sem mjög er æskilegt, að meðlimir ráðsins hafi.

50. gr.

Þarf eigi skýringar við.

51. og 52. gr.

Enda þótt ráðið hafi eigi ákvörðunarrétt í raforkumálum, mun það geta haft allrik áhrif á meðferð þeirra og alla þróun, þar sem það á þess kost að fylgjast mjög vel með gangi þeirra og koma fram með gagnrýni og tillögur þeim viðvíkjandi, hvenær sem er. Hins vegar er með skipun þess og starfi eigi á neinn hátt dregið úr ábyrgð ráðherra og raforkumálastjóra á stjórn raforkumálanna og allri framkvæmd.

53. gr.

Með því að í ráðinu eiga sæti fulltrúar, sem kunna að hafa mismunandi hagsmuna að gæta í ýmsum atriðum, er rétt, að jafnan komi skýrt fram afstaða hvers einstaks fulltrúa í hverju máli.

54. gr.

Þar sem ráðherra er gert að skyldu að leita umsagnar raforkuráðs í öllum veigamiklum atriðum raforkumála, er hins vegar ástæða til að hafa ákvæði, sem koma í veg fyrir, að ráðið geti tafið gang mála með því að draga á langinn að afgreiða umsagnir um þau.

Þá mun og verða þörf á því, að settar verði allýtarlegar, fastar reglur um starfhætti ráðsins og samvinnu þess og raforkumálastjóra, og er rétt, að tillögur frá hvorum tveggja aðilum komi til um þær.

VIII. kafli. Almenn ákvæði.

55. gr.

Rafveitur þær, sem ríkið kemur á fót, eru gerðar og reknar í þeim tilgangi einum að fullnægja almenningsþörfum, og vitanlegt, að rekstri verður eigi hagað með hagnað fyrir augum, en öllum rekstrarhagnaði, sem af mannvirkjunum kann að verða, er varið óskiptum í þágu sama tilgangs. Hins vegar er vitanlegt, að rekstur þeirra fyrirtækja, sem hér ræðir um, getur orðið allörðugur í fjárhagslegu tilliti, einkum framan af, og að ríkissjóður tekur með þeim á sig nokkra fjárhagslega áhættu. Hníga þessi rök að því að undanþiggja þessi fyrirtæki öllum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

56. gr.

Með frumvarpi þessu, ef það verður að lögum, er ríkinu áskilinn einkaréttur til að reisa orkuver, sem er að afli stærra en 100 hestöfl. Heimild handa ríkisstjórninni til að veita sérleyfi til virkjunar í fallvatni, sem hefur meir en 500 eðlishestöfl, hlýtur þá að falla niður. Verði hins vegar einhvern tíma horfið að því ráði að veita öðrum aðila leyfi til að virkja fallvatn, t. d. í þágu stóriðju, verður samþykki Alþingis að koma til og þá væntanlega sett um það sérstök lög í hvert sinn og í þeim fram tekið um öll skilyrði fyrir leyfisveitingunni.

Úr lögum um raforkuvirki, lögum um rafveitur ríkisins og lögum um raforkusjóð hafa verið tekin upp í þetta frumvarp öll ákvæði, sem talið er, að eigi að halda gildi.“